



Samkomulag um umsjón, eftirlit og rekstur Reykdalsvirkjunar

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt: 590169–7579, og Reykdalsvirkjun ses, kt: 501208–0780, Hólsbergi 13, 221 Hafnarfirði, gera með sér samkomulag um umsjón, eftirlit og rekstur Reykdalsvirkjunar. Endurbygging virkjunarinnar stóð yfir á árunum 2002 til 2008 sem samstarfsverkefni Hafnarfjarðarkaupstaðar og Reykdalsfélagsins, forvera Reykdalsvirkjunar ses, og veittu ýmsir aðilar margvíslegan stuðning við verkefnið.

1. Með þessari framkvæmd og þessum samningi er lögð áhersla á að halda á lofti minningu frumkvöðulsins Jóhannesar J. Reykdals og sögu fyrstu vatnsaflsvirkjunnarinnar, sem dreifði rafmagni til almennings á Íslandi. Þá virkjun reisti Jóhannes Reykdal í Hamarskotslæknum neðan Austurgötu og var hún gangsett þann 12. desember 1904. Síðar reisti Jóhannes Hörðuvallavirkjun árið 1906 á þeim stað þar sem nú er búið að endurbyggja nýja virkjun með tilheyrandi mannvirkjum. Ber nýja virkjunin heitið Reykdalsvirkjun.
2. Reykdalsvirkjun verður nýtt sem kostur er til upplýsingar og fróðleiks fyrir almenning um eðli og starfsemi vatnaflsvirkjana og rafmagnsframléiðslu, sem hún var upphaflega byggð fyrir á þessum sama stað fyrir liðlega 100 árum. Jafnframt verður hin nýja virkjun og stöðvarhús undir Lækjargötu notað til upplýsinga og kennslu í vistvænni orku í samstarfi við menntastofnanir í landinu.
3. Reykdalsvirkjun ses mun hafa umsjón og eftirlit með Reykdalsvirkjun og sjá um rekstur hennar, þ.m.t. úrbætur á búnaði, aðgengi nemenda sem og annarra vegna upplýsinga og kennslu.
4. Reykdalsvirkjun ses fær full afnot af virkjuninni og þeim búnaði sem henni fylgir endurgjaldslaust og fær þær tekjur sem hljótast af starfsemi og útleigu kennsluáðstöðu í Reykdalsvirkjun.
5. Hafnarfjarðarbær sér um allt stærra viðhald vegna virkjunarinnar, stíflumannvirkja og umhverfi hennar. Einnig sér Hafnarfjarðarbær um almenna hreinsun á svæði virkjunarinnar þ.e. grassvæði, lækjarsvæði, við stíflu og laxastiga. Miðað er við að lón stíflunnar sé tæmt 1 sinni á ári. Í framhaldi af losun lónsins er rusl hreinsað úr lóninu sem og metið hvort þörf er á að hreinsa upp set. Rúður á stöðvarhúsi eru hreinsaðar að utan tvisvar á ári, í apríl og október.
6. Hafnarfjarðarkaupstaður ber ekki kostnað af almennum rekstri Reykdalsvirkjunar.
7. Samkomulag þetta gildir til 5 ára, þ.e. frá xx. febrúar 2013 til xx. febrúar 2018, með forgangsrétti Reykdalsvirkjunar ses til framlengingar á þessu samkomulagi við Hafnarfjarðarbæ á umsjón, eftirlit og rekstur Reykdalsvirkjunar.

Hafnarfirði xx. febrúar, 2013

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Bæjarstjóri

f.h. Reykdalsvirkjunar ses

Vottar:

Nafn og kennitala.

Nafn og kennitala.